



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Akureyri, 18. ágúst 2021
MÍ202108-0009/ 6.09 / S.G.

Miðhafnarsvæði - Húsavík – breyting á deiliskipulagi

Með tölvupósti sendum 23. júlí 2021 óskaði aðstoðamaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að breytingu á deiliskipulagi miðhafnar á Húsavík, dags. 9. júní 2021. Svæðið er að mestu full byggt og nýtt í bland af fiskvinnslu og ýmiss konar útgerðartengdri starfsemi og í verslun og þjónustu, sérstaklega fyrir ferðamenn á sumrin. Verslun og þjónusta er ríkjandi á norðurhluta svæðisins en fiskvinnsla og almenn hafnarstarfsemi á suðurhluta þess.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir Húsavík sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2002) Fornleifaskráning á Húsavík. Fornleifastofnun Íslands, FS166-01171. Fornleifaskráningin uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu en gefur engu að síður góða hugmynd um dreifingu minja. Töluvert er skráð á svæðinu af heimildum um fornleifar sem sjálfst ekki lengur á yfirborðinu. Samhliða vinnu við skipulagið var var unnin húsakönnun á miðhafnarsvæðinu skv. 37.gr. skipulags-laga nr. 123/2010. Húsakönnunin var unnin af Arnhildi Pálmadóttur arkitekt FAÍ og segir frá sögu svæðis og húsa – og frá varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga. Fjögur hús/þyrpingar falla undir lög um menningarminjar nr.80/2012:

Garðarsbraut 6, Söludeild o.fl. (Garðar 1883, Pakkhúsið 1886 og Söludeild 1902)

Garðarsbraut 2, Formannshús (1898)

Garðarsbraut 12, Bjarnabúð (1907)

Saltvík, Hafnarstétt 3 (1920)

Húsunum hefur verið haldið vel við síðustu árin og setja mikinn svip á miðbæ Húsavíkur og á hafnarsvæðið. Gert er ráð fyrir að þau hús muni standa óbreytt til framtíðar.

Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaða skipulagsbreytingu.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun